

E5/2022

Fyrirspyrjandi Norræna sjálfbærninefndin
Til Ríkisstjórna Norðurlanda

Til ríkisstjórna Norðurlanda

Skrifleg fyrirspurn Mannréttindi, ábyrgð fyrirtækja og nýting náttúruauðlinda

Fjölpjóðafyrirtæki eru ráðandi í heimsbúskapnum og hvað varðar yfirráð yfir náttúruauðlindum jarðar. Fyrir vikið eru fyrirtækin valdamikil og ráða miklu um hvert stefnir í heiminum. Því miður hefur valdið ekki falið í sér virðingu fyrir mannréttindum og efnahagslegu jafnvægi. Mörg dæmi eru um fjölpjóðafyrirtæki sem nýta sér náttúruauðlindir án tillits til hags heimamanna, mannréttinda eða umhverfisins.

Einnig á Norðurlöndum er baráttan um eignarrétt yfir náttúruauðlindum og kaup fjölpjóðafyrirtækja á fiskikvótum pólitískt og lagalegt vandamál.

Þær reglur sem gilda í dag duga skammt til að hægt sé að draga fjölpjóðafyrirtæki til ábyrgðar. Reglur Sameinuðu þjóðanna um fyrirtæki og mannréttindi eru valfrjálsar og nægja ekki til að auka ábyrgð fyrirtækja á mannréttindum.

Alþjóðlega bindandi reglur um ábyrgð fyrirtækja á mannréttindum myndu draga úr líkum á því að fjölpjóðafyrirtæki fremdu mannréttindabrot.

Norðurlöndunum ber að styðja þau sjónarmið að mannréttindi og réttur heimamanna á náttúruauðlindum vegi þyngra en gróðahagsmunir fyrirtækja. Það varðar hagsmuni almennings á Norðurlöndum að norrænar náttúruauðlindir verði áfram opinberar og í eigu þjóðarinnar, einnig að norrænir aðilar virði mannréttindi um heim allan.

Norðurlöndunum er mikill ávinningur í því að efla alþjóðasamninga sem skapa alþjóðlegar reglur. Því ber ríkisstjórnnum landanna að styðja bindandi samning Sameinuðu þjóðanna um fyrirtæki og mannréttindi, svonefndan Binding Treaty.

Ríkisstjórnunum á Norðurlöndum ber að beita sér fyrir samningnum á heimavelli og á vettvangi ESB. Þá ber norrænu löndunum að endurskoða innlenda löggjöf um ríkisfjárfestingar utan Norðurlanda og semja framkvæmdaáætlanir sem koma í veg fyrir að fjárfestingarnar bitni á mannréttindum í fjárfestingarlandinu en vernda eignarrétt fólksins yfir náttúruauðlindunum.



Að þessum orðum sögðum beinir Norræna sjálfbærninefndin fyrirspurn til norrænu ríkisstjórnanna.

1. Munu norrænu ríkisstjórnirnar gera grein fyrir því hvort þær styðji lagalega bindandi samning Sameinuðu þjóðanna um ábyrgð fjölþjóðafyrirtækja á mannréttindum (Binding Treaty), og hvort norrænu ríkisstjórnirnar taki virkan þátt í samningaferlinu ásamt væntingum þeirra til viðunandi niðurstöðu viðræðnanna?
2. Munu norrænu ríkisstjórnirnar kanna hvort gildandi reglur og löggjöf landanna nægi til að tryggja að ríkisfjárfestingar utan Norðurlandanna virði mannréttindi og eignarrétt yfir náttúruauðlindum?

Kaupmannahöfn, 10. febrúar 2022

Anders Kronborg (S)

Anna Vikström (S)

Ingalill Olsen (A)

Kasper Roug (S)

Ketil Kjenseth (V)

Magnus Ek (C)

Rebecka Le Moine (MP)

Simon Holmström (HI)

Cecilie Tenfjord-Toftby (M)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Sofia Geisler (IA)

Staffan Eklöf (SD)